

67. kirkjuþing 2025-2026

1. mál – þskj. 1c

Nefndarálit og þingsályktun

við skýrslu biskups og skýrslu stjórnar Þjóðkirkjunnar.

Frá allsherjarnefnd.

Frsm: Auður Thorberg Jónasdóttir.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um skýrslu biskups Íslands og stjórnar Þjóðkirkjunnar ásamt ávörpum við setningu þingsins. Nefndin þakkar biskupi Íslands, forseta kirkjuþings og dómsmálaráðherra fyrir ávörp þeirra við þingsetningu í Dómkirkjunni. Ræddu þær hlutverk og ábyrgð kirkjunnar í samfélaginu, mikilvægi þjónustu hennar og lýstu framtíðarsýn þar sem áhersla er lögð á unga fólkið og samstöðu innan kirkjunnar. Nefndin leggur til að kirkjuþing samþykki eftirfarandi

þ i n g s á l y k t u n :

Kirkjuþing þakkar biskupi Íslands fyrir skýrslu um veigamikil störf hennar í þágu kirkju og þjóðar á árinu. Kirkjuþing fagnar því að traust til þjóðkirkjunnar hefur aukist verulega samkvæmt nýlegri könnun Gallup og telur að það megi í ríkum mæli þakka því góða starfi sem fram fer í söfnuðum þjóðkirkjunnar og af hálfu biskups, sem hefur verið áberandi þátttakandi í lífi þjóðarinnar á liðnu ári.

Kirkjuþing tekur undir áherslur biskups í fræðslu-, kærleiksþjónustu- og samskiptamálum og hvetur til þess að áfram verði unnið markvisst að eflingu þessara þátta í starfi kirkjunnar.

Kirkjuþing fagnar jákvæðri niðurstöðu í rekstri Þjóðkirkjunnar og tekur undir áherslur stjórnar og framkvæmdastjóra um að leggja aukið fjármagn í viðhald þeirra fasteigna sem ákveðið hefur verið að verði áfram í eigu Þjóðkirkjunnar. Áfangaskýrsla um fasteignir Þjóðkirkjunnar sýnir með skýrum hætti hver staðan er og undirstrikar mikilvægi áframhaldandi viðhalds og forgangsroðunar.

Kirkjuþing leggur jafnframt áherslu á að ákvarðanir um sölu eigna verði teknar með hliðsjón af matsskýrslu um stöðu vígðrar þjónustu, sem unnið er að og gert ráð fyrir að verði lögð fyrir kirkjuþing í mars 2026.

Kirkjuþing lýsir yfir áhyggjum sínum af stöðu sókna landsins í ljósi skerðingar á sóknargjöldum samkvæmt framlögðu fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar.

Með hliðsjón af orðum dómsmálaráðherra í ávarpi hennar við setningu kirkjuþings í Dómkirkjunni, þar sem hún lýsti efasemdum um að breyting yrði gerð á þessum lið

frumvarpsins, hvetur kirkjuþing Alþingi eindregið til að taka málið til skoðunar og leiðrétta þá skerðingu sem orðið hefur á sóknargjöldum á undanförunum árum. Skerðingin hefur þegar haft veruleg áhrif á starfsemi og starfsmannahald safnaðanna og einnig á nauðsynlegt viðhald kirkjubygginga vítt og breytt um landið.

Ólafur Gestur Rafnsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Reykjavík, 27. október 2025.

Allsherjarnefnd.

Auður Thorberg Jónasdóttir, form.

Axel Árnason Njarðvík, varaform.

Áslaug Kristjánsdóttir

Benjamín Hrafn Böðvarsson

Jónína Rós Guðmundsdóttir

Ríkharður Ibsen

Rúnar Vilhjálmsson

Stefán Már Gunnlaugsson

Þuríður Björg Wium Árnadóttir